

Skeljungur: Árshlutauppgjör annar ársfjórðungur 2019

AFKOMA Í TAKT VIÐ VÆNTINGAR

Helstu niðurstöður fyrri árshelmings 2019

- Hagnaður á hlut var 0,35 en var 0,41 á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð nam 4.226 m.kr. og hækkar um 13,5% frá fyrri helmingi ársins 2018.
- EBITDA nam 1.672 m.kr. sem er 2,9% lækkun frá fyrri helmingi ársins 2018.
- Aðlöguð EBITDA var 1.578 m.kr. og lækkar um 2,5% frá fyrra ári.*
- Rekstrarkostnaðarhlutfall var 62,3% samanborið við 59,3% árið áður
- Hagnaður tímabilsins var 706 m.kr. samanborið við 851 m.kr. árið áður sem er lækkun um 17% milli ára.
- Uppreiknuð arðsemi eiginfjár var 15,7% samanborið við 21,9% yfir sama tímabil 2018
- Meðalgengi dönsku krónunnar var 18,3 sem er 10,3% hækkun frá sama tímabili 2018

* Leiðrétt var fyrir jákvæðum áhrifum vegna IFRS 16 2019 um 94 m.kr. og fyrir einskiptishagnaði 2018 um 103 m.kr.

Bent er á að, þegar afkoma á milli ára er borin saman og samanburðartölur skoðaðar að dótturfélag Skeljungs í Færeyjum, P/F Magn, keypti 70% eignarhlut í færeyska félaginu sp/f Demich. Félagið sérhæfir sig í vistvænum húshitunarlausnum og varð hluti af samstæðu þann 1. september 2018. Við kaupin jukust heildareignir 962 milljónir þar af fastafjármunir um 633 milljónir og skuldir um 643 milljónir. Við yfirtökuna jukust heilsársstöðugildi samstæðunnar um 50 eða um 30%.

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2019

- Hagnaður á hlut var 0,14 en var 0,21 á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð nam 2.119 m.kr. og hækkar um 7,1% frá öðrum ársfjórðungi 2018.
- EBITDA nam 780 m.kr. sem er 14,0% lækkun frá sama tímabili ársins 2018.
- EBITDA afkoma á öðrum ársfjórðungi var í takt við væntingar.
- Aðlöguð EBITDA var 730 m.kr. og lækkar um 19,5% frá sama tímabili ársins 2018.**
- EBITDA framlegð var 36,8% miðað við 45,8% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður eftir skatta nam 295 m.kr. samanborið við 435 m.kr. á sama tímabili í fyrra sem er 32,1% lækkun milli ára.
- Á tímabilinu fóru fram kaup á eigin bréfum fyrir 369 milljónir
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.348 m.kr. og eiginfjárlutfall var 34,5%.

** Leiðrétt var fyrir jákvæðum áhrifum vegna IFRS 16 2019 á fjórðungnum um 50 m.kr.

Horfur fyrir árið 2019

Horfur fyrir félagið eru óbreyttar og áætlað félagið að EBITDA ársins 2019 verði á bilinu 3.000-3.200 m.kr. án áhrifa vegna IFRS 16 og 3.200-3.400 m.kr. með áhrifum IFRS 16. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar liggi á bilinu 800-900 m.kr.

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Bent er á að við umreikning reikningskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miðuðu við meðalgengi DKK/ISK 18,1.

Tölulegur samanburður

Allar tölur eru í milljónum ISK	Q2 2019	Q2 2018	Breyting	6m 2019	6m 2018	Breyting
Framlegð	2.119	1.979	7,1%	4.226	3.725	13,5%
EBITDA	780	907	-14,0%	1.672	1.722	-2,9%
Aðlöguð EBITDA*	730	907	-19,5%	1.578	1.619	-2,5%
EBIT	511	703	-27,3%	1.142	1.320	-13,5%
Hagnaður	295	435	-32,1%	706	851	-17,0%

Hlutföll

EBITDA framlegð	36,8%	45,8%		39,6%	46,2%
EBIT framlegð	24,1%	35,5%		27,0%	35,4%
Launakostn./framlegð	33,5%	25,2%		31,1%	25,7%
Sölu og dreif.kostn./framlegð	25,1%	26,5%		24,3%	27,5%
Rekstrarkostnaður/framlegð	65,0%	56,9%		62,3%	59,3%
Arðsemi eiginfjár				15,7%	21,9%

* Leiðrétt var fyrir jákvæðum áhrifum vegna IFRS 16 2019 og fyrir einskiptishagnaði 2018.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Skeljungur:

„Afkoman á öðrum ársfjórðungi er í takt við væntingar og er rekstur félagsins á áætlun.

Afkoman á Íslandi var lægri en á síðasta ári sem var metár í sögu félagsins. Í Færeyjum gekk reksturinn mjög vel. Það er góður gangur í efnahagslífi Færeyja og þess fyrir utan erum við að bæta hlutdeild okkar þar á flestum sviðum.

Þann stutta tíma sem ég hef verið hér í félaginu hef ég séð að grunnrekstur félagsins er góður og tækifæri til að sækja fram.“

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörs 2. ársfjórðungs félagsins verður haldinn þann 28. ágúst í höfuðstöðvum Skeljungs, Borgartúni 26, 8. hæð, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Árni Pétur Jónsson, forstjóri, og Benedikt Ólafsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjörið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Kynningin er meðfylgjandi en verður einnig gerð aðgengileg á vefsíðu Skeljungs, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/.

Fjárhagsdagatal 2019

Uppgjör 3F 2019: **12. nóvember 2019**

Uppgjör 4F 2019 og ársuppgjör 2019: **25. febrúar 2020**

Aðalfundur 2020: **24. mars 2020**

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Árshlutareikningur annars ársfjórðungs 2019

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 27. ágúst 2019.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins en ekki endurskoðaður. Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

* * *

Nánari upplýsingar veitir Árni Pétur Jónsson, forstjóri, fjarfestar@skeljungur.is, s: 444-3000 / 693-2200.

Skeljungur er orkufyrirtæki sem selur vörur og þjónustu á Íslandi, í Færeyjum og á Norður-Atlantshafinu. Meginstarfsemi félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Félagið starfrækir 76 eldsneytisstöðvar og 6 birgðastöðvar á Íslandi og í Færeyjum. Auk þess rekur selur félagið áburð og efnavörur á Íslandi og rekur verslanir og þjónustar og selur olíu til húshitunar í Færeyjum. Viðskiptavinir Skeljungs spanna frá einstaklingum til fyrirtækja, í sjávarútvegi, landbúnaði, flutningum, flugi og til verktaka. Starfsemi er rekin undir merkjunum Skeljungur, Orkan, OrkanX og Magn. Meginmarkmið Skeljungs er að þjóna orkupörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>